



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sent í Samráðsgátt stjórnvalda
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2021
Tilvísun: 202101-0020

Alþýðusamband Íslands fagnar þeim áformum mennta- og menningarmálaráðuneytisins að gera lengri samning við Fisktækniskóla Íslands. Núverandi samningur er til tveggja ára. Fyrirhugað er að gera samning til 5 ára sem gerður verður á grundvelli 44. gr. framhaldsskólalaga nr. 92/2008 og 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Samningurinn tekur gildi 1. ágúst 2021 og verður árlegt framlag 71 m.kr. Mikilvægt er þó að tryggja að starfsemi skólans haldi áfram um ókomna tíð og ekki þurfi að vísa nemendum frá sökum skorts á fjármagni. Því þarf heldur að bæta í til að ekki þurfi að vísa nemendum frá en aðsókn í skólann hefur verið langt umfram það sem hann getur tekið við.

Skólinn byggir á öfluggu námi á fjölmörgum sviðum er tengjast fiskiðnaði og hefur frá stofnun hans öðlast fullt traust fyrirtækja í greininni. Þá hefur skólinn byggt upp nám í fisktækni víða um land ásamt því að standa fyrir fjölbreyttu námskeiðahaldi og endurmenntun.

Þá má einnig nefna aðkomu skólans að raunfærnimati í sjávarútvegstengdum greinum. Alþýðusamband Íslands hefur um áraraðir barist fyrir auknu vægi iðn- tækni- og starfsnáms og að leggja eigi áherslu á að reynsla og hæfni sé metin til styttingar á námi. Raunfærnimat er góð leið til að leggja raunverulegt mat á hæfni nemenda.

Sérhæft nám á sviði veiða, vinnslu og fiskeldi er greininni afar mikilvægt til að mæta þeim breytingum sem átt hafa sér stað síðustu árin. Það er einnig mikilvægt að nemendur hafi tækifæri til að stunda slíkt nám innan hins almenna framhaldsskólakerfis, eins og í öðrum iðn- og starfsgreinum.

Með því að efla iðn-, verk-, og starfsnám verður til öflugra samfélag sem verður betur í stakk búið að takast á við nýjar áskoranir í stafrænum heimi. Það er mikilvægt að stjórnvöld styðji vel við nemendur sem vilja stunda hverskonar iðnnám og að menntakerfið bjóði upp á hvata til þess.

F.h. Alþýðusambands Íslands
Eyrún Valsdóttir
Sviðstjóri fræðslu og þekkingar